

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 21. apríl kl. 11-12.30

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Edda Kjartansdóttir og Sólrún Harðardóttir. Ársæll Guðmundsson, Gunnar Gíslason og Svanhildur M. Ólafsdóttir boðuðu forföll.

Fundarstaður

Námsmatsstofnun

Umræðuefni

- Staða verkefna
- Opinn fundur um hlutverk, ábyrgð og skyldur
- Upplýsingaveitan
- Future Teachers – greinargerð vinnuhóps
- Fagráðsfundir, sá síðasti og næsti
- Hvernig má hægja á tímanum?
- Önnur mál

Í ljósi þess hve fámennnt var á fundinum (Edda mætti þegar nokkuð var liðið á fundinn) var ekki fjallað um öll málefni sem sett höfðu verið á dagskrá.

Opinn fundur um hlutverk, ábyrgð og skyldur

Hugmyndinni um opinn fund um hlutverk, ábyrgð og skyldur hagsmunaaðila varðandi starfsþróun kennara var ágætlega tekið í fagráði og hefur nokkuð verið rædd í stýrihópi. Von er á svörum allra hagsmunaaðila alveg á næstunni. Markmið þessa opna fundar er að fá fram umræðu fundarmanna og sýn á málefnið í ljósi þess er hagsmunaaðilar kynna, en hvorutveggja er verðmætt fyrir stefnumótunarvinnu fagráðsins. Horft er til tímasetningarinnar 13. maí kl. 10-14. Dagskráin gæti í stórum dráttum verið þessi:

- Innlegg frá fulltrúum hagsmunaaðila, einstaklingar punkta hjá sér atriði útfrá fyrirfram gefnum spurningum (10-11)
- Hópumræða útfrá sömu spurningum (11-12.15)
- Matur (12.15-12.45)
- Kynningar frá hópum (12.45-13.15)
- Fulltrúar hagsmunaaðila bregðast við niðurstöðum hópa. Almennar umræður. (13.15-13.55)
- Fundarslit (13.55-14)

Edda var með tillögu að umræðuformi, en spurningar þarf að orða vel og skýrt í framhaldi af því að svör hafa skilað sér.

Aðalheiður og Sólrún munu athuga með fundarstað, skráningu og annan undirbúning. Sólrún mun einnig kanna viðbrögð við tímasetningunni hjá stýrihópnum.

Upplýsingaveita

Aðalheiður sagði frá því að það hefði verið niðurstaða hjá þeim hjá KÍ að kynna ekki upplýsingaveituna meðal allra kennara, eins og fyrirhugað var, að svo stöddu máli. Meira þyrfti að birtast á vefnum áður en það yrði gert. Upplýsingaveitan var kynnt á vefjum aðila fagráðsins og eins í Morgunblaðinu í framhaldi af opnuninni 19. mars. Farið var yfir málefni veitunnar og rætt um mikilvægi þess að fleiri settu inn efni. Einnig var rætt um áframhaldandi þróun vefsins. Ritnefndin sér um málefni veitunnar.

Fagráðsfundur framundan

Meðal viðfangsefna næsta fagráðsfundar:

- 1) greinargerð vinnuhóps um Future Teachers a Profession at Crossroads,
- 2) umræða um starfendarannsóknir. Sólrún ræddi nýlega við Hafþór Guðjónsson hjá HÍ og lagði hann til að þau Hjördís Þorgeirsdóttir við MS kæmu inn á fund ráðsins.

Ákveðið að halda fund í fagráði seinni part maí eða í byrjun júní. Sólrún mun leita að hentugri tímasetningu.

Önnur mál (Alþjóðleg verkefni)

Sigurjón Mýrdal sagði frá norrænu verkefni um starfsþróun kennara sem á sér rætur í ráðstefnunni sem haldinn var í ágúst *Future Teachers – a profession at crossroads*. Nú þegar Danir hafa tekið við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hefur þetta verkefni fengið byr í seglinn. Hópur embættismanna vinna að verkefninu, yfirleitt 2 frá hverju landi. Sigurjón Mýrdal og Björk Óttarsdóttir eru í hópnum fyrir hönd Íslands. Fyrirhugaður er fundur í verkefninu í lok maí.

Annað alþjóðlegt verkefni (ITEL) sem tengist starfsþróun kennara en Íslendingar eru þó ekki þátttakendur er mjög áhugavert. Sigurjón er í samstarfi við þá sem eru í þessu verkefni. Nánar um verkefnið: <http://www.oecd.org/edu/ceri/innovativeteachingforeffectivelearning.htm>

Sólrún Harðardóttir tók punkta